

Staðfesting óháðs endurskoðanda

Til stjórnenda og hagsmunaaðila Festi hf.

Við vorum ráðin af Festi hf. til að veita álit með takmarkaðri vissu á valda sjálfbærnimælikvarða í Sjálfbærniuppgjöri Festi sem sett er fram í Ársskýrslu samstæðunnar fyrir árið 2024 ("Skýrslunni").

Umfang:

Umfang vinnu okkar takmarkast við að leggja mat á valda UFS mælikvarða setta fram í Sjálfbærniuppgjöri Festi fyrir árð 2024. Eftirfarandi mælikvarðar eru innan umfangs:

- Umhverfisþættir: E1-5, E1-6 og E1-7
- Félagslegir þættir: S1-6, S1-7, S1-9, S1-12, S1-14, S1-15, S1-16 og S1-17

Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga í Ársskýrslu eða samanburðarfjárhæða.

Niðurstaða okkar er sett fram með álit með takmarkaðri vissu.

Ábyrgð stjórnenda

Stjórnendur Festi eru ábyrg fyrir söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinganna sem settar eru fram í skýrslunni, og að tryggja að upplýsingarnar séu án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Óhæði og gæðaeftirlit

Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og önnur ákvæði siðareglna í samræmi við alþjóðlegar siðareglur (IESBA Code), sem byggðar eru á grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni, trúnað og faglega hegðun.

Deloitte ehf. lýtur alþjóðlegum staðli um gæðakerfi (e. International Standard on Quality Management (ISQM) 1 og hefur í samræmi við það innleitt umfangsmikið gæðaeftirlitskerfi, þar á meðal skráðar stefnur og verkferla varðandi fylgni við óhæðis- og siðakröfur faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglna.

Ábyrgð óháðs endurskoðanda

Ábyrgð okkar er að láta í ljós álit með takmarkaðri vissu á UFS mælikvarða innan umfangs sem settir eru fram í Skýrslunni. Við höfum framkvæmt vinnu okkar í samræmi við staðalinn ISAE 3000 (revised), Assurance Engagements Other than Audits or Reviews of Historical Financial Information, til að afla okkur takmarkaðrar vissu um álit okkar. Í samræmi við staðalinn höfum við skipulagt og framkvæmt vinnu okkar til að afla takmarkaðrar vissu á því að U, F og S mælikvarðar innan umfangs séu án verulegrar skekkju.

Staðfestingarverkefni með álit með takmarkaðri vissu (e. limited assurance) er minna að umfangi en staðfestingarverkefni með nægilegri vissu (e. reasonable assurance). Af því leiðir að staðfesting sem fæst er minni en væri í verkefni með nægilegri vissu. Með hliðsjón af mati á verulegum skekkjum, skipulögðum við og framkvæmdum vinnu okkar til að afla allra upplýsinga og skýringa sem nauðsynlegar eru til að styðja við álit okkar.

Við framkvæmdum skoðanir á gögnum, endurreikning gagna, yfirferð á aðferðum sem notaðar eru til að útbúa upplýsingarnar, sem og tókum viðtöl við þá aðila sem eru ábyrgir fyrir því að útbúa gögnin. Við tókum viðtöl við lykilaðila innan Festi, beittum fyrirspurnum varðandi verklag og aðferð við að tryggja að UFS mælikvarðar innan umfangs séu settir fram í samræmi við aðferðafræði er greint er frá. Við framkvæmdum gagnagreiningaraðgerðir og röktum upplýsingarnar sem greint er frá í undirliggjandi gögn.

Álit

Byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeirra gagna sem við höfum aflað, hefur ekkert komið í ljós sem bendir til nokkurs annars en að valdir UFS mælikvarðar í Ársskýrslu Festi fyrir árið 2024 séu að öllu verulegu leyti í samræmi við þá aðferðafræði er greint frá.

Kópavogi, 4. mars 2025

Deloitte ehf.